


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Sjúkdómafræði 103 Fjarnám Kennsluáætlun haustönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Kennsubók : Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú. Fyrstu sjö kaflar bókarinnar verða teknir.

Stuðningsefni: Ennfremur er nemendum bent á Veraldarvefinn og umfjöllun í blöðum og tímaritum um hina ýmsu sjúkdóma sem tengjast efni áfangans. Einnig gætu LOL bækurnar komið að góðum notkun ef þið eigið þær.

Námsmat : Lokapróf gildir 80% af lokaeinkunn. Nauðsynlegt af fá 40% rétt í lokaprófi svo verkefni gilda til hækkunar. Verkefni 20%. Skila skal verkefnum í síðstalagi tveimur vikum eftir að ég sendi ykkur þau.

Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fáathugasemdir við þau.

Námsáætlun : Birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Vikulega, á fimmtudögum, verða gefnar ítarlegri upplýsingar um námsefnið og verkefnaskil.

Námsáætlun:


- 1. og 2. vika.** Námsefni : 1. kafli í kennslubók
- 3. og 4. vika.** Námsefni : 2. kafli í kennslubók.
- 5. og 6. vika.** Námsefni : 3. kafli í kennslubók.
- 7. og 8. vika.** Námsefni : 4. kafli í kennslubók en sleppa bls. 84 og 88
- 9. og 10. vika.** Námsefni : 5. og 6. kafli í kennslubók.
- 11. og 12. vika.** Námsefni : 7. kafli í kennslubók en lesa töflu bls. 125 lauslega.

Inga Björg Ólafsdóttir. Netfang: inga@vma.is

Dagsetning: 5.9.'14

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Sjúkdómafræði 103 Fjarnám	Kennsluáætlun haustönn 2014

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um heilbrigði mannlíkamans. Áhersla er lögð á réttan skilning á hugtökum sem tengjast umræðu um sjúklegt ástand eins og meingerð, einkenni, orsök, greiningu, rannsóknaraðferð, viðmiðunarmörkum, einstaklingsbreytileika, aðlögun, styrkleika, meðferðarmöguleika, bata, dánartíðni og horfum. Farið er í þætti sem valda frumulöskun og sjúkdómum í mönnum svo sem umhverfisáhrif, efnaáverka, sýkingar og næringarskort. Fjallað er um innrænar orsakir frumulöskunar og viðbrögð vefja við álagi. Farið er í húðsjúkdóma, sjúkdóma í stoð-, hreyfi- og taugakerfi, orsakir, einkenni og helstu meðferðarúrræði.

Meginmarkmið:

- Að nemendur geti gert grein fyrir nokkrum grundvallarhugtökum í meinafræði og tengsl þeirra við sjúkdóma í mönnum.
- Að nemendur læri hvernig hægt er að minnka líkur á frumulöskun af völdum umhverfisþátta.
- Að nemendur geti gert grein fyrir hlutverkum helstu samvægisferla í heilbrigði mannlíkamans.
- Að nemendur læri um þróun og sameiginleg einkenni helstu krabbameina og tengsl þeirra við umhverfis-og erfðapætti.
- Að nemendur læri um meingerð, einkenni og orsakir algengustu sjúkdóma í þekjukerfi, stoðkerfi og taugakerfi.
- Að nemendur þekki algeng latnesk sjúkdómsheiti og tengsl þeirra við líffæra-og lífeðlisfræði.